Alþingi
Erindi nr. Þ 125/80
komudagur 10.11.'99

**Siðmennt**
**félag um borgaralegar athafnir**
**Æsufelli 4 2F**
**109 Reykjavík**

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

9. nóvember 1999

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um skráð trúfélög, 69. mál, heildarlög.**

Stjórn Siðmenntar vill þakka allsherjarnefnd Alþingis fyrir að leita umsagnar Siðmenntar á frumvarpi til laga um skráð trúfélög.

Siðmennt, félag áhugafólks um borgaralegar athafnir, var stofnað 1990. Siðmennt er lífsskoðunarfélag sem vinnur að framgangi ákveðinna siðfræðilegra markmiða og heldur athafnir á mikilvægum tímamótum í lífinu. Félagið er málsvari mannúðarstefnu (húmanisma) og frjálsrar hugsunar. Siðmennt skipuleggur borgaralega fermingu með tilheyrandi námskeiði og leiðbeinir fólki um fleiri athafnir svo sem borgaralega útför og nafngjöf án skírnar og hefur gefið út bæklinga í því skyni. Það hefur tekið ýmis mál til umræðu, haldið fundi og gengist fyrir blaðaskrifum. Félagið gefur út fréttabréf 2-4 sinnum á ári. Félagsmenn eru á annað hundrað.

Í nágrannalöndum okkar eins og Noregi, Bandaríkjunum og Kanada er litið á að lífsskoðunarfélög séu jafngild trúfélögum. Lífsskoðunarfélög hafa rétt til að gifta fólk, sjá um jarðarfarir og annað sem trúfélög sjá um en þessi félög nefna sig siðræn menningarfélög, húmanistafélög, veraldleg félög (Ethical Culture Societies, Humanist Societies, Secular Societies) svo nokkur dæmi séu tekin. Siðmennt tengist alþjóðlegum samtökum sem kalla sig International Humanist and Ethical Union en þar eru starfandi um 100 önnur samtök frá 30 löndum.

Það kemur fram í athugasemdum við frumvarpið að það sé sniðið eftir norskum lögum um sama efni en íslensku lögin taka þó ekki upp það frelsi í trúarafstöðu sem kemur fram í norsku lögunum. Þar er lagt að jöfnu trúarafstaða og lífsskoðun og þannig tryggt að lífsskoðunarfélag njóti sama réttar og trúfélag.

Í athugasemdum um frumvarp þetta leggur Siðmennt megináherslu á að koma á jafnræði milli trúarafstöðu og lífsskoðunar einstaklinga. Þannig að þeir sem ekki játast til trúar á æðri máttarvöld njóti sama réttar og hinir.

Stjórn Siðmenntar er reiðubúin að senda fulltrúa sinn á fund allsherjarnefndar til að skýra frekar efnisatriði athugasemda félagsins.

*Hér á eftir koma athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins frá stjórn Siðmenntar.*

I. KAFLI
Siðmennt leggur til að á eftir orðinu trúfélög komi: og lífsskoðunarfélög.

1. gr., 1. liður
Siðmennt tekur undir þau atriði að félög um lífsskoðanir séu viðurkennd á sama hátt og trúfélög. Siðmennt leggur til að þriðja setningin hljóði svo: "Á sama hátt eiga menn rétt á að stofna félög um lífsskoðanir og siðfræðileg markmið þótt þau byggi ekki á trú á æðri mátt".

II. KAFLI
2. gr.
Siðmennt leggur til að kaflinn heiti: Skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.
Siðmennt leggur til að á eftir orðinu trúfélög komi: og lífsskoðunarfélög.

3. gr.
Siðmennt leggur til að fyrsta málsgrein orðist svo : Skilyrði .... félag sem leggur stund á átrúnað, trú eða lífsskoðun.
Siðmennt leggur til að önnur málsgrein orðist svo : Ennfremur er það skilyrði skráningar að félag hafi náð fótfestu, starfsemi þess sé virk og stöðug og að í félaginu sé kjarni félagsmanna sem reglulega iðka trú sína og lífsskoðun í samræmi við kenningar þær sem félagið er stofnað um.

4. gr.
1. Á eftir orðinu trúfélag komi: og lífsskoðunarfélag.
a. Á eftir orðinu trúfélags komi: og lífsskoðunarfélags
c. Í stað trúarkenningar komi kenningar. Í stað trúarhreyfingar komið hreyfingar.
2. Á eftir orðinu trúfélags komi: og lífsskoðunarfélags.

Siðmennt vill benda á þann hagsmunaárekstur sem verður þegar að fulltrúrar Háskóla Íslands eru tilnefndir í nefnd, þar sem Háskóli Íslands á hagsmuni að gæta þar sem sóknargjöld sem ekki fara til trúfélaga fara að öðrum kosti í sjóð Háskóla Íslands. Háskóli Íslands hefur hagsmuni af því að þeir sem eru utan trúfélag geti ekki stofnað lífsskoðunarfélag um afstöðu sína og fái ekki sóknargjöld til sín.

5. grein
Á eftir orðinu trúfélag komi: og lífsskoðunarfélag.

6. grein
Á eftir orðinu trúfélag komi lífsskoðunarfélag.

7. grein
Á eftir orðinu trúfélag komi: og lífsskoðunarfélag.

8. grein
Siðmennt leggur til að einstaklingur geti orðið félagi í trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi óháð aldri. Á sama hátt getur hver einstaklingur gengið úr trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi. Enginn getur tilheyrt tveimur eða fleirum trúfélögum eða lífsskoðunarfélögum samtímis. Stjórn Siðmenntar leggur til að 2. málsgrein falli niður því við teljum óeðlilegt að börn fæðast inn í trúfélag eða lífsskoðunarfélag og teljum eðlilegra að foreldrar eða forráðamenn skrái börnin sín inn í trúfélag eða lífsskoðunarfélag þegar þeim þykir það viðeigandi.

9. grein
Á eftir orðinu trúfélag komi: og lífsskoðunarfélag.

Með virðingu og þökk,

Hope Knútsson

Hope Knútsson
formaður Siðmenntar